

# Fundargerð 209. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** miðvikudagur 5. september 2018  
**Fundartími:** 8:30 – 11:40  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson  
Rósa Matthíasdóttir  
Hrafnkell Guðnason  
Margrét Jónsdóttir  
Sigurður Ingi Sigurðsson  
Börkur Brynjarsson og Guðmundur Daníelsson undir lið nr. 2  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Óskað er eftir því að eftirfarandi verði bætt við dagskrána: Lið nr. 11, Önnur mál: a) Brunavarnarkerfi Þingborgar. b) Næsti fundartími sveitarstjórnar c) Samstarfssamningur Árborgar og Flóahrepps um upplýsingarmiðstöð. d) Breytingar á starfsmannahaldi.  
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

### Skipulagsmál:

#### 1. Opnun nýrrar heimasíðu fyrir Flóahrepp

Oddviti Flóahrepps opnaði nýja heimasíðu sveitarfélagsins Flóahrepps [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) sem hefur verið uppfærð og opnar nú formlega í nýju viðmóti.

#### 2. Flóaljós

##### a) Afgreiðsla tilboða í nýlagningu ljósleiðara í Flóahreppi

Lagt fram minnisblað frá Lex lögmannsstofu sem hefur yfirfarið útboðsgögn og borið saman við innsend gögn með lágsta tilboði í nýlagningu ljósleiðara í Flóahreppi.

Niðurstaða athugunar leiðir í ljós að samþykkja beri tilboð SH leiðarans ehf., þar sem bjóðandinn er lægtsbjóðandi og tilboð hans uppfyllir útboðsskilmála.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að ganga til samninga við SH leiðarann um verkefnið Nýlög ljósleiðara í Flóahreppi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

##### b) Afgreiðsla tilboða í efniskaup vegna nýlagningar ljósleiðara.

Sveitarstjórn voru kynnt þau tilboð sem bárust í efni í ljósleiðaraverkefnið. Alls bárust þrettán tilboð frá níu fyrirtækjum. Sveitarstjórn tók ákvörðun um að versla efni til verksins sem hér segir:

- Ljósleiðarastrengi og götuskápa og fjarskiptaskápa frá Smith og Norland.
- Ljósleiðararör frá Emtelle.
- Aðvörunarborða og merkihæla frá SET.
- Tengibrunna, tengitunnur og tengihillur frá Lýsir.
- Inntaksbox fyrir tengistaði frá Ískraft.

Sveitarstjórn felur verkefnisstjóra að sannreyna uppgefinn afhendingatíma gagnvart birgjum og í framhaldi af því panta til verksins efni í samræmi við ofangreinda niðurstöðu.

Útreikningur áætlaðra efniskaupa gerir ráð fyrir kr. 48 milljónum til verkefnisins.

Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 75,6 milljónir.

Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum.

##### c) Fyrirspurn frá Þjótanda ehf vegna útboðs

Lögð fram fyrirspurn frá Þjótanda ehf vegna útboðs.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við Frostverk ehf og lögmann sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- 3. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi – umsögn um tækifærisleyfi, Ölvisholt**  
Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við að umbeðið leyfi verði veitt með fyrirvara um athugasemdalaugar umsagnir annarra umsagnaraðila  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 4. Erindi frá Gallery Flóa í Gömlu Þingborg – merking fyrirtækis**  
Lagt fram erindi frá Gallery Flóa þar sem óskað er eftir leyfi til þess að merkja fyrirtækið á vegg Gömlu Þingborgar.  
Sveitarstjórn telur óaskilegt að borað sé í múr hússins og bendir bréfitara á að vinna að merkingum á fyrirtækinu í samráði við aðra leigjendur og umsjónarmann fasteigna.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 5. Samþykktir um stjórn Flóahrepps – endurskoðun**  
Lagðar fram samþykktir sveitarfélagsins Flóahrepps nr. 798/2013 til yfirferðar og endurskoðunar. Einnig lögð fram samþykkt nr 147/2014 um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps nr 798/2013.  
Eftirfarandi tillaga gerð um breytingu á samþykktum Flóahrepps nr 798/2013:  
Breyting er gerð á 8. grein; Fundir sveitarstjórnar, sem mun verða eins og hér segir eftir breytingu.  
Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta miðvikudag hvers mánaðar (klukkan 8:30 annan hvern mánuð og klukkan 15:00 annanhvern mánuð.)  
Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.  
Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitastjórnar á undan.  
Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.
- a) Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. samþykktarinnar:  
6. töluliður B liðar greinarinnar, breytist og verður svohljóðandi:  
Menningarnefnd Flóahrepps: Þrír fulltrúar og þrír til vara. Nefndir er sveitarstjórn til ráðuneytis í menningarmálum og hefur frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar og hefur umsjón með menningarviðburðum.  
13. töluliður B liðar greinarinnar, breytist og verður svohljóðandi:  
Umhverfis og tæknisvið Uppsveita, UTU, bs. Stjórn byggðasamlag Ásahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fer með stjórn Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs skv. sérstökum samningi. Flóahreppur skipar einn aðalmann og annan til vara í stjórnina. Framsals og valdheimildir til Skipulagsnefndar Uppsveita, skipulags- og byggingarfulltrúa ásamt tæknisviði UTU fara eftir ákvæðum samnings og samþykktu fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita.  
Við 41 gein bætist liður 16. Ungmennaráð:  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umræddar breytingar og þeim er vísað til áfranhaldandi vinnslu í sveitarstjórn Flóahrepps. Samþykkt að bæta við þriggja manna nefnd ungmenna og sveitarstjóra falið að leggja fram tillögu að samþykktum fyrir ráðið á næsta fundi, ásamt viðbót við samþykktirnar vegna hennar.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 6. Frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu – aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi**  
Lagt fram erindi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem kynntar eru aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi.  
Sveitarstjórn Flóahrepps vísar erindinu til Umf. Þjótanda, æskulýðs- og tómstundaneftndar og fræðslunefndar Flóahrepps til frekari skoðunar.  
Samþykkt með 5 atkvæðum
- 7. Upplýsingar úr bókhaldi Flóahrepps, janúar – júlí 2018**  
Kynntar upplýsingar úr fjárhagsbókahaldi Flóahrepps fyrstu 7 mánuði ársins 2018.  
Staða eðlileg og framkvæmdir samkvæmt áætlun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Trúnaðarmál:**

Fært í trúnaðarmálabók

**9. Fundargerðir:**

- a) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 207, dags. 16.08.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 208, dags. 24.08.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) **Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 110, dags. 23.08.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) **Aðalfundar Hitaveitu Hraungerðishrepps 2017 dags. 29.08.2018 ásamt ársreikningi ársins 2017**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Stjórnar Byggðasafns Árnesingar nr. 1, dags. 28.08.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 266, dags. 26.06.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 1, dags. 24.08.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 189, dags. 23.08.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) **Stjórnar SOS nr. 267, dags. 05.07.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Stjórnar SASS nr. 535, dags. 18.08.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**10. Efni til kynningar:**

- a) **Landsping Sambands íslenskra sveitarfélaga - stefnumótun til næstu fjögurra ára**
- b) **Frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands - áður Viðlagatrygging Íslands**
- c) **Erindi frá Félagi Hópfurðaleyfishafa**
- d) **Frá Þjóðskrá – tilkynning um fasteignamat 2019**

**11. Önnur mál**

- a) **Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps**  
210. fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn mánudaginn 1. október klukkan 15:00 í Þingborg.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- b) **Brunavarnarkerfi Þingborgar**  
Komið hefur í ljós að endurnýja þarf brunavarnarkerfi félagsheimilisins Þingborgar. Umsjónarmanni fasteigna falið að leita tilboða í endurnýjun á kerfinu í samráði við sveitarstjóra.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- c) **Samstarf Árborgar og Flóahrepps um rekstur upplýsingamiðstöðvar og kynningarmál.**  
Lagður fram samstarfssamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um rekstur upplýsingarmiðstöðvar og kynningarmál fyrir árið 2018. Gert var ráð fyrir framlögum vegna samnings um samstarfið í fjárhagáætlun ársins 2018.  
Samningurinn samþykktur með 5 atkvæðum.
- d) **Upplýsingar um breytingar á starfsmannahaldi hjá Flóahreppi:**  
Kolbrún Skúladóttir hefur sagt lausu starfi bókara/launafulltrúa á skrifstofu Flóahrepps frá og með 1. september s.l. Um er að ræða 80 % starfshlutfall. Starfið verður auglýst á næstu dögum. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar Kolbrúnu velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi og þakkar fyrir vel unnin störf fyrir Flóahrepp.  
Brynjar Jón Stefánsson hefur ákveðið að segja lausu starfshlutfalli húsvarðar í Félagslundu og hefur starfið verið auglýst. Brynjar mun halda áfram að sinna verkefnum við Umsjón fasteigna á fasteignasviði sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar Brynjari vel unnin störf við húsvörslu og umsjón Félagslundar.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

*Árni Eiríksson (sign)*  
*Rósa Matthíasdóttir (sign)*  
*Hrafnkell Guðnason (sign)*

*Margrét Jónsdóttir (sign)*  
*Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)*  
*Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)*